

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kersholt 1, L179891.

Óveruleg breyting er gerð á skilmálum gildandi deiliskipulags við Kersholt. Breytingin felur í sér að heimilað verður að byggja allt að 40 m² aukahús í stað 30 m² útihúss.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. mars 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.